

**Ed.**

**1343. Nefndarálit**

[455. mál]

um frv. til 1. um þátttöku ríkisins í hlutfélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er eitt af þremur þingmálum sem öll fjalla um þau áform stjórnarflokkanna að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir.

Erfitt er að koma auga á hvað vinnst við þessa breytingu. Framkvæmdastofnunin lifir bersýnilega áfram í afkomendum sínum, þessum þremur stofnunum sem taka við af henni, enda hefur Framkvæmdastofnunin sama hlutverk og allar sömu heimildir og væntanlegum dótturstofnunum hennar er ætlað að hafa.

Ókostirnir við þessa uppstokkun á starfsemi Framkvæmdastofnunar eru hins vegar ýmsir og skal hér á þá bent:

1. Miðstýring og ólýðræðislegir stjórnarhættir einkenna þessa breytingu, þar sem tvær stofnananna, sem hér er um að ræða, Framkvæmdasjóður og þróunarfélagið, verða ekki undir lýðræðislegri, þingkjörinni stjórn eins og á við um núverandi Framkvæmdastofnun heldur eru þessir völdugu sjóðir alfarið settir á ábyrgð ráðherra án nokkurs eftirlits eða íhlutunarréttar Alþingis.
2. Hætt er við að kostnaður við rekstur þessara þriggja stofnana verði miklu meiri en við rekstur Framkvæmdastofnunar og skrifinnnska að sama skapi umsvifameiri.
3. Stefnumótun er engin í þessum nýju frumvörpum, hvorki í byggðamálum né atvinnu- málum, og ekki er á nokkurn hátt komið til móts við þau sjónarmið sem nú eru víða uppi, og við Alþýðubandalagsmenn höfum tekið undir, að færa beri völd og ábyrgð í auknum mæli heim í héruð.
4. Í frumvörpunum er ekki gert ráð fyrir því að birtar séu opinberlega upplýsingar um allar lánveitingar Bygðastofnunar, Framkvæmdasjóðs og þróunarfélags eins og gildir um lánveitingar Framkvæmdastofnunar, sbr. 15. gr. núgildandi laga. Undirritaður leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem frumvarp þetta er liður í breytingu sem miðar að því einu að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir með auknu forstjóraveldi, aukinni miðstýringu og auknum tilkostnaði og þar sem nýskipan þessi virðist ekki hafa neina sérstaka kosti í för með sér en hins vegar ýmsa augljósa ágalla frá núverandi skipan mála telur deildin ástæðulaust að fjalla frekar um frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. júní 1985.

Ragnar Arnalds.